



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjori@myv.is

Landbúnaðar- og girðinganefnd

5. fundur.

Fundur haldinn í Landbúnaðar- og girðinganefnd 18. ágúst kl: 16:00.

Mættir: Böðvar Pétursson, Sólveig E. Hinriksdóttir og Birgir Hauksson, fjallskilastjóri, Halldór Árnason boðaði forföll á síðustu stundu.

Dagskrá:

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Niðurjöfnun gangna
Fjártala í hreppnum er 4510. Jafnað var niður 156 dagsverkum á Austurafrétt, sjá fylgiskjöl gangnaseðlar og önnur fyrirmæli 2015
3. Erindi Minjastofnunar, vegna lagfæringa á Hlíðarétt
Minjastofnun sótti um og fékk fimm milljóna króna fjárveitingu til lagfæringar á Hlíðarétt. Í samráði við heimaaðila var ákveðið að nota þessa fjárveitingu í lagfæringar á aðhaldinu. Minjastofnun hefur áform um að framhald verði á þessu verkefni og að réttin verði öll lagfærð.
4. Bréf Herdísar og Elínar Steingrímsdætra, Birgis Haukssonar, vegna girðingar við Þjóðveg 1 í Grímsstaðalandi dagsett 21. júní 2015.
Í kjölfar bréfsins hafði Böðvar samband við Pálma Þorsteinsson hjá Vegagerðinni á Akureyri, þeir áttu fund 24. júlí sl. Niðurstaða fundarins er að Landbúnaðar- og girðinganefnd setur saman tímasetta áætlun um hvernig Þjóðvegur 1, vegur um Hólasand og vegur sunnan vatns verði afgirtir.
Áætluninni þarf að skila inn til Vegagerðarinnar í janúar 2016.
5. Garnaveiki í Skútustaðahreppi
Landbúnaðar- og girðinganefnd vill minna bændur í sveitarfélaginu á eftirfarandi: Samkvæmt 4. grein reglugerðar nr.911/2011 um varnir gegn garnaveiki; „Óheimilt er að flytja af garnaveikibæjum búfjáraburð og hey, heyköggla, hálm, túnþökur og gróðurmold af landi sem húsdýraáburður hefur verið borinn á eða jörturdýr gengið á. Ull má ekki flytja óunna á aðra bæi. Tæki sem hafa verið notuð til moksturs, flutnings, dreifingar eða niðurplægingar á húsdýraáburði á garnaveikibæjum skulu sótthreinsuð fyrir flutning á aðra bæi. Jarð- og heyvinnslutæki skal þrifa fyrir flutning á aðra bæi“. Jafnframt er mikilvægt að menn virði það að hýsa ekki ókunnugt fé í fjárhúsum sínum, hvorki að hausti né á fengitíð.

6. Brýr á Suðurá

Haft var samband við sveitarstjóra og bent á að ein brúin yfir Suðurá væri brotin. Böðvar fór og kannaði málið og það reyndist rétt vera. Ein brúin er brotin, og lélegt dekk á tveimur.

Böðvar gerir tillögu um að sótt verði um styrk til sjóðs sem hefur með úrbætur á ferðamannastöðum að gera til viðhalds á þessum brúm. Samþykkt að sækja um fyrir árið 2016.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:15

Böðvar Pétursson
Sólveig E. Hinriksdóttir
Birgir Hauksson